



Sjálfsmynd listamannsins Johns Isaacs í Hafnarhúsinu.

Morgunblaðið/Porkell

# Hlátur eða hrollur?

SÝNING á verkum breska listamannsins Johns Isaacs verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í dag.

„Viðbrögð áhorfenda við verkum Isaacs eru ýmist hlátur eða hrollur,“ segir Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur, en víst er að listamaðurinn leggur mikið upp úr því að hreyfa við fólk, á hvorn veginn sem er. Isaacs býr að jafnaði til tvær stórar innsetningar á ári og blandar þá gjarnan saman ólkum miðlum eins og skúlptúrum, myndböndum og ljósmyndum. Útkoman þykir oftast en ekki ógrandi.

Á sýningunni í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi gefur m.a. að líta sláandi nákvæma sjálfsmynd listamannsins, sem þar skyggist undir eigið yfirborð í orðsins fyllstu merkingu. Um er að ræða höggmynd úr plasti þar sem bæði húð og bein hafa verið fjarlægð og eftir stendur líkaminn sem virðist í fyrstu eiga meira sameiginlegt með læknisfræði og vísindum en list.

Allt frá því Isaacs vakti fyrst athygli í Lisson Gallery í London hefur hann sýnt verk sín á alþjóðavettvangi í ýmsum gallaríum og söfnum. Nokkur verk eftir hann voru m.a. sýnd í Charles Saatchi-safninu á sýningunni Young British Artist nr. 6 árið 1996. Eftir það hefur hann sýnt með listamönnum á borð við Hirst, Emin og Collishaw, sem eru þekkt nöfn meðal yngri listamanna í bresku listalífi. Síðar á þessu ári mun Isaacs sýna verk sín í Þýskalandi, Pólandi, Grikklandi, Bandaríkjunum og Belgíu.

„Sýning Isaacs gefur Íslendingum kærkomið tækifæri til að upplifa listræna sýn eins fremsta listamanns Brets af yngri kynslóðinni án þess, eins og hann sjálfur segir, að eiga á hættu að smitast af kúariðu eða bera með sér heim gin- og klaufaveiki,“ segir Soffía.

## Tveir sextettar fyrir strengi í Salnum kl. 17 í dag



Strengjasextettinn á æfingu í Salnum.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

# „Tónbókmenntir eins og þær gerast bestar fyrir strengi“

TVEIR sextettar fyrir strengi verða fluttir í Salnum í Kópavogi í dag, laugardag, kl. 17. Tónleikarnir eru í Tíbrár-röð Salarins. Sá fyrri, Souvenir de Florence, er eftir Tsjajkovskíj, en sá síðari er B-dúr sextett Brahms.

Flytjendur eru Sigrún Eðvaldsdóttir, Zbigniew Dubik, Ásdís Valdimarsdóttir, Helga Þórarinsdóttir, Michael Stirling og Bryndís Halla Gylfadóttir. Ásdís og maður hennar, Michael Stirling, eru búsett í London. Hún er víóluleikari í Chilingirian-strengjakvartettinum en hann spilar með ýmsum kunnum kamm-erhópum og hljómsveitum. Hin fjögur leika öll með Sinfóníuhljómsveit Íslands en stunda að auki einleiks- og kammertónbókmenntirnar.

„Það hefur verið hugmynd hjá okkur lengi að halda strengjasextettstónleika. Það var ekki fyrr en með tilkomu hinnar góðu aðstöðu Salarins að þeir gátu orðið að veruleika. Það er

ánægjulegt að svo hafi loks orðið,“ segir Ásdís Valdimarsdóttir víóluleikari. „Við Sigrún Eðvalds vorum í Miami-kvartettinum fyrir um tólf árum, og höfum ekki spilað mikið saman síðan. Það er því mjög gaman að spila saman aftur. Þá hefur eiginmaður minn, Michael Stirling, ekki leikið á Íslandi áður,“ bætir hún við.

Efnisskráin hefst á sextett op.18 í B-dúr eftir Brahms. Verkið var skrifað vorið 1860 í Bonn og var strax mjög vel tekið. Það er fullt af æskufjöri og er stundum kallað „vor“-sextettinn. „Þetta er eitt af falletustu verkum strengjabókmenntanna. Það er uppáhald margra og við hlökkum öll mikið til að flytja það,“ segir Ásdís. „Brahms skrifaði tvo sextetta og er þetta sá fyrri. Scherzóið í verkinu er strákslegt og fjörugt og jaðrar við að fara úr böndunum í animato miðhlutans. Rondóið ber

kannski keim af Mozart. Sellóið fær að skína í fallægum laglínunum en í síðasta animato kaflans skemmta allir sér með pizzicato nema 1. víóla sem spilar eins og hún eigi lífið að leysa.“

Sextettinn samdi Tsjajkovskíj á 17 dögum meðan hann dvaldi í Flórens á Ítalíu árið 1890. Þótt hann hafi verið ánægður með verkið breytti hann því nokkuð og gaf því nafnið Souvenir de Florence áður en það var frumflutt tveimur árum seinna í Pétursborg. „Þó er ekki margt ítalskt við verkið nema e.t.v. syngjandi laglínur og sólrík stemmning. Tsjajkovskíj sýnir sinn rússneska karakter eins og svo oft, til dæmis í 3. kaflanum sem ber sterkan þjóðlegan keim. Þetta er ákaflega flott verk. Það er hressilegt, en hefur einnig mjög fallegar melóðir. Bæði verkin eru í raun tónbókmenntir eins og þær gerast bestar fyrir strengjaleik,“ segir Ásdís að lokum.

## MENNING LISTIR

NÆSTU VIKU

### MYNDLIST

**Árnastofnun, Árnagarði:** Handrit. Opin þri.-fös. kl. 14–16. Til 15. maí.  
**Gallerí Fold, Rauðarárstíg:** Vagna Sólveig Vagnsdóttir. Til 8. apr.  
**Gallerí Reykjavík:** Derek Mundell. Til 31. mars.  
**Gallerí Sævars Karls:** Sigríður Erla Guðmundsdóttir. Til 19. apr.  
**Gerðarsafn:** Úr einkasafni Sverris Sigurðssonar. Til 30. mars.  
**Gerðuberg:** Drasl 2000. Til 29. apr.  
**Grafarvogskirkja:** Og sjá – fimm listakonur. Til 1. júní.  
**Hafnarborg:** Steinunn Helgadóttir og Sveinn Lúðvík Björnsson. Alice Olivia Clarke. Fimm færeyskir listamenn. Til 23. apr.  
**Hallgrímskirkja:** Kristín Geirsdóttir. Til 20. maí.  
**i8, Klapparstíg 23:** Karin Sander. Til 29. apr.  
**Íslensk grafikk:** Ragnar Óskarsson. Til 1. apr.  
**Listasafn ASÍ:** Guðrún Gunnarsdóttir. Til 1. apr.  
**Listasafn Einars Jónssonar:** Opíð laugardaga og sunnudaga, kl. 14–17.  
**Listasafn Íslands:** Náttúrusýnir. Til 22. apr.  
**Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn:** Páll Guðmundsson og Ásmundur Sveinsson. Til 29. apr.  
**Listasafn Reykjavíkur:** Kjarvalstaðir/Austursalur: Jóhannes S. Kjarval.  
**Hafnarhús:** John Isaacs. Til 29. apríl.  
**John Baldessari:** Til 17. júní  
**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar:** 30 ár í list Sigurjóns. Til 1. júní.  
**MAN:** Jóna Thors. Til 11. apr.  
**Mokkakaffi:** Ragnar Stefánsson. Til 8. apr.  
**Norræna húsið:** Fimm myndlistarmenn frá Svíþjóð. Til 13. maí.  
**Sjómínjasafn Íslands:** Jón Gunnarsson. Til 2. apr.  
**Skálholtskirkja:** Anna Torfadóttir og Þorgerður Sigurðard. Til 31. des.  
**Slunkaríki, Ísafirði:** Ragnhildur Stefánsdóttir. Til 1. apr.  
**Þjóðarbókhlaða:** Elsa E. Guðjónsson. Til 30. apr.  
**Upplýsingamiðstöð myndlistar:** www.umm.is undir Fréttir.

### TÓNLIST

**Laugardagur**  
**Digraneskirkja, Kópavogi:** Kór Víkurkirk. og kór Digranesk. Kl. 17.  
**Kirkjuhvoll, Garðabær:** Vilbergsdagur. Kl. 17.  
**Laugardalshöllin:** Carmen. Kl. 17.  
**Salurinn, Kópavogi:** Tveir Strengjasextettar. Sex tónlistarmenn. Kl. 17.  
**Salurinn:** Jón Múli áttatræður. Kl. 20:30.  
**Sunnudagur**  
**Bessastaðakirkja:** Tónlistardagskrá. Kl. 20:30.  
**Hafnarborg:** Tríó Reykjavíkur. Kl. 20.  
**Mánudagur**  
**Neskirkja:** Reynir Jónasson og Hjörleifur Valsson. Kl. 17.  
**Salurinn, Kópavogi:** Jónas Ingimundarson. Kl. 20.  
**Fimmtudagur**  
**Háskólabíó:** SÍ. Söngleikjatonlist. Kl. 19:30.  
**Hjallakirkja, Kópavogi:** Kór Hjallakirkju. Tryggvi Valdimarsson og Loftur Erlingsson. Orgel: Lenka Matová. Kl. 20:30.  
**Föstudagur**  
**Háskólabíó:** SÍ. Söngleikjatonlist. Kl. 19:30.

### LEIKLIST

**Þjóðleikhúsið:** Horfðu reiður um öxl, 31. mars. Blái hnötturinn, 1. apr. Með fulla vasa af grjóti, 1. apr. Já, hamingjan, 31. mars.  
**Borgarleikhúsið:** Blúndur og blásýra, 31. mars. Mógli, 31. mars. 1. apr. Kontrabassinn, 5. apr. Öndvegiskonur, 1. apr.  
**Íslenski dansflokkurinn:** Kraak een og Kraak twee, 1., 5. apr.  
**Loftkastalinn:** Á sama tíma síðar, 6. apr. Sjeikspír..., 31. mars.  
**Iðnó:** Sniglaveislan, 31. mars. 1., 4., 5. apr.  
**Gamla bíó:** Fífl í hófi, lau. 31. mars. Fim. 5. apr.  
**Möguleikhúsið:** Langafi þakkari, 1., 4. apr. Skuggaleikur, 31. mars. 2., 5. apr. Lóma, 3. apr.  
**Kaffileikhúsið:** Eva, 1., 3. apr.  
**Hafnarfjarðarleikhúsið:** Vitleysingarnir, 31. mars. 6. apr.  
**Hugleikur:** Víst var Ingjaldur í rauðum skóm, frums. 31. mars. 5., 6. apr.